

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 226/2024

2024/EES/92/45

frá 23. september 2024

um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framseldar reglugerðir framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/2447 frá 30. september 2022 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1700 með því að tilgreina fjölda og heiti áttunda hvers árs breytna á sviði vinnuafns um „ungt fólk á vinnumarkaði“, „menntunarstig — nánari upplýsingar, þ.m.t. ef menntun var rofin eða hætt“ og „sambætting vinnu og fjölskyldulífs“⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerðir framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/2312 frá 25. nóvember 2022 um áttunda-hvers-árs breytur á sviði vinnuafns um „ungt fólk á vinnumarkaði“, „menntunarstig - nánari upplýsingar, þ.m.t. ef menntun er rofin eða hætt“ og „sambætting vinnu og fjölskyldulífs“ samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1700⁽²⁾.
- 3) XXI. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi liðum er bætt við á eftir lið 18qv (framseld reglugerðir framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/212) í XXI. viðauka við EES-samninginn:

„18qw. **32022 R 2447**: Framseld reglugerðir framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/2447 frá 30. september 2022 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1700 með því að tilgreina fjölda og heiti áttunda hvers árs breytna á sviði vinnuafns um „ungt fólk á vinnumarkaði“, „menntunarstig — nánari upplýsingar, þ.m.t. ef menntun var rofin eða hætt“ og „sambætting vinnu og fjölskyldulífs“ (Stjtið. ESB L 320, 14.12.2022, bls. 1).

18qx. **32022 R 2312**: Framkvæmdarreglugerðir framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/2312 frá 25. nóvember 2022 um áttunda-hvers-árs breytur á sviði vinnuafns um „ungt fólk á vinnumarkaði“, „menntunarstig - nánari upplýsingar, þ.m.t. ef menntun er rofin eða hætt“ og „sambætting vinnu og fjölskyldulífs“ samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1700 (Stjtið. ESB L 307, 28.11.2022, bls. 34).“

2. gr.

Texti framseldrar reglugerðar (ESB) 2022/2447 og framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2022/2312, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, er gildur á íslensku og norsku.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 320, 14.12.2022, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 307, 28.11.2022, bls. 34.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 24. september 2024, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 23. september 2024.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Anders H. Eide

formaður

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.